

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 176/2014

176-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 907/2013 frá 20. september 2013 um setningu reglna um umsóknir er varða notkun á almennum lýsingum (heitum) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 40/2014 frá 17. janúar 2014 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 frá 10. desember 2013 um skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, til notkunar sem slík í eða á matvæli og/eða til framleiðslu á afleiddum reykbragðefnum <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):  
„– **32014 R 0040**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 40/2014 frá 17. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2014, bls. 8).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 82. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 175/2014):  
„83. **32013 R 0907**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 907/2013 frá 20. september 2013 um setningu reglna um umsóknir er varða notkun á almennum lýsingum (heitum) (Stjtið. ESB L 251, 21.9.2013, bls. 7).  
84. **32013 R 1321**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 frá 10. desember 2013 um skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, til notkunar sem slík í eða á matvæli og/eða til framleiðslu á afleiddum reykbragðefnum (Stjtið. ESB L 333, 12.12.2013, bls. 54).  
85. **32014 R 0040**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 40/2014 frá 17. janúar 2014 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2014, bls. 8).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 251, 21.9.2013, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 14, 18.1.2014, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 333, 12.12.2013, bls. 54.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 907/2013 og (ESB) nr. 40/2014 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1321/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.